



Fundur með foreldrum nýnema og aðalfundur foreldraráðsins

Kynningarfundur var fyrir foreldra nýnema 23. ágúst síðastliðinn. Fjölmennt var á fundinum og gafst foreldrum góður tími til að ræða við umsjónarkennara barna sinna. Foreldrum sem ekki komust á fundinn er bent á að setja sig í samband við umsjónarkennara. Netföng umsjónarkennara má m.a. sjá á [heimasíðu FG](#).

Að kynningarfundinum loknum var aðalfundur foreldraráðsins. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar og valið í stjórn næsta árs. Að því loknu kynnti forseti NFFG Rebekka Þurý Pétursdóttur félagslíf nemenda. Skólinn væntir mikils af samstarfi við Foreldraráð FG.

Aðgangur forráðamanna að INNU og Námsnetinu

Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára hafa óheftan aðgang að Innu og Námsnetinu.

[Inna](#) geymir m.a. upplýsingar um stundatöflu nemenda, mætingu, einkunnir og einingafjölda. Mikilvægt er að fylgjast vel með viðveru /mætingu nemenda. Fyrir kemur að nemendur missa tókin á mætingu sinni á fyrsta ári í framhaldsskóla, því er mikilvægt að veita þeim aðhald varðandi góða skólasókn.

[Námsnetið](#) er upplýsingamiðill fyrir nemendur. Kennarar setja m.a. kennsluáætlanir, námsmat, verkefni, glósur og heimavinnu inn á Námsnetið. Það er nauðsynlegt fyrir nemendur að líta inn á Námsnetið á hverjum degi. Gott getur verið fyrir foreldra að minna unglinga sína á Námsnetið.

Til að virkja aðganginn þarf að biðja um nýtt lykilorð og setja inn kennitölu. Þá er lykilorðið sent á það netfang sem er skráð á forráðamenn í Innu.

Efnisgjöld

Í þessari viku sendum við út efnisgjöld vegna haustannar. Aðallega er það vegna verk- og listáfangna en einnig er um efnisgjöld að ræða í nokkrum öðrum áföngum.

Þau mistök urðu að það gleymdist að senda út gjöld vegna lífsleikniáfangna nýnema í sumar og verða þau send út með öðrum efnisgjöldum.

Fyrsta ballið

Það er oft mikil tilhlökkun fyrir fyrsta skólaball vetrarins. Sérstaklega hjá nýnemum. Dansleikurinn verður að þessu sinni miðvikudaginn 13. sept. á Spot í Kópavogi og verða rútur sem keyra nemendur heim (nánara fyrirkomulag verður sent í tölvupósti). Ekkert er til sparað af hálfu nemendafélagsins og fjöldi skemmtikrafta mun stíga þar á svið. Hafa ber í huga að sumir nemendur halda að allt sé leyfilegt þegar komið er í framhaldsskóla. Svo er alls ekki. Starfsmenn skólans ásamt gæslumönnum verða til eftirlits. Þeim nemendum sem grunaðir eru um ölvun verður boðið að blása í mæla eða hverfa á braut ella.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast grannt með og leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi í heimahúsum. Við minnum á að við samþykjum ekki drykkju á skólaböllum en nemendur koma stundum undir áhrifum til okkar á dansleiki.

Við vonum að nemendur skemmti sér vel á dansleiknum og njóti þess sem nemendafélagið (NFFG) býður upp á í vetur.

Ef foreldrar eru í vafa um hvort atburðir eru á vegum nemendafélagsins þá bendum við þeim á að hafa samband við skólann.

Þjórkvöld eru aldrei á vegum skólans og nemendur yngri en 18 ára eiga ekkert erindi á öldurhús.

